

VR

Ársreikningur 2021

VR
Kringlunni 7
103 Reykjavík
kt. 690269-2019

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun félagskjörins skoðunarmanns	4
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur 2021	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2021	8
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021	9
Skýringar	10
Skýringar - sundurliðanir	18
Skýringar - sundurliðanir á einstaka sjóði	20

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsfólks VR.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning VR ("félagið") fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafi engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 9. mars 2022

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinisd.

Áritun félagskjörins skoðunarmanns

Til stjórnar og félagsfólks VR

Ég undirritaður félagskjörninn skoðunarmaður hef af fremsta megni fylgst með starfi við undirbúning uppgjors VR og endurskoðunarferli því tengdu. Ég hef setið fundi með framkvæmdastjóra þar sem farið var yfir ýmsa þætti varðandi endurskoðun og uppgjör. Ég hef jafnframt farið yfir að fylgt hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu. Ég tel mig vera vel upplýsta um helstu meginþætti sem snúa að uppgjöri og legg til að ársreikningur VR verði samþykktur.

Reykjavík 9. mars 2022



Skýrsla stjórnar

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er gerður eftir sömu reikingskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn hefur að geyma samantekin reikningskil fyrir sjóði félagsins, sem eru félagssjóður, sjúkrasjóður, orlofssjóður og vinnudeilusjóður, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í árslok 2021 voru 68 starfsmenn hjá félaginu, en meðalfjöldi ársverka var 63 á árinu.

Í 2. grein laga VR stendur um markmið félagsins: „Tilgangur félagsins er að efla og styðja hag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á félagssvæðinu með því að vinna að framgangi allra þeirra mála, er verða mega til aukinna réttinda, menningar og bættra kjara launafólks í landinu.“ Stjórn félagsins telur eftir sem áður að mikilvægur þáttur þessa starfs felist í rekstri og uppbyggingu sterkra samtryggingasjóða eins og félagið rekur í dag.

Annar mikilvægur þáttur í starfinu er sú ráðgjöf sem félagsmenn njóta um málefni tengd kjaralegri stöðu sinni en ekki síður ráðgjöf tengdri starfsendurhæfingu. Umfang þeirrar ráðgjafar verður sífellt meira og leitast stjórnin við að mæta breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi með eflingu þeirrar starfsemi. Þá leggur félagið mikla áherslu á baráttuna fyrir jafnrétti og jöfnun á launamun kynjanna.

Félagsfólk

Á árinu fjölgaði félagsfólki VR um 1% og voru að meðaltali 36.871 einstaklingur skráður í félagið, þar af taldist 31.658 sem fullgildir og hafði fækkað um 1% frá ársbyrjun. Atvinnuleysi meðal VR félaga var 4% í árslok 2021 samanborið við 9,1% í árslok 2020.

Rekstur ársins 2021 og framtíðarhorfur

Hreinar tekjur til ráðstöfunar hjá VR á árinu 2021 námu 1.159 m. kr. (2020: 835 m.kr.) Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 16,5 ma. kr. (2020: 15,3 ma.kr) og er bókfært eigið fé í árslok kr. 15,7 ma. kr. (2020 14,5 ma.kr) Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hreinna tekna.

Innheimt iðgjöld á árinu námu 4,3 ma.kr. (2020: 4,0 ma.kr) og hækkuðu um rúm 7% milli ára í samræmi við fjölgun félagsmanna og launaþróun. Áfram eru væntingar um samsvarandi þróun í iðgjaldatekjum á árinu 2022.

Á árinu lækkuðu greiðslur sjúkradagpeninga um 14% samanborið við árið 2020, en á sama tíma hækkuðu iðgjaldatekjur Sjúkrasjóðs VR um 8%. Lækkun varð einnig á greiðslu sjúkradagpeninga á árinu 2020, en í byrjun þess árs varð breyting á reglugerð sjóðsins til að bregðast við aukningu útgjalda fyrri ára. Betri horfur eru um rekstur sjúkrasjóðs en þó má gera ráð fyrir aukningu í greiðslu sjúkradagpeninga, en iðgjöld geti einnig aukist.

Útgreiðslur Varasjóðs jukust á árinu um 20% en áður hafði dregið úr útgreiðslu í kjölfar Covid-19 faraldurs kórónuveirunnar. Gera má ráð fyrir meiri innlausn félagsfólks úr Varasjóði á árinu 2022.

Í tlefni afmælis félagsins á árinu gekk félagið frá kaupum á fjórum orlofshúsum í Hálöndum við Akureyri og önnur fjögur orlofshús voru tekin í notkun á öðrum stöðum á landinu. Olofshúsum félagsins fjölgaði því um 8 á árinu eru því orðin 84 talsins.

Almennt býr félagið við óvissu vegna breytinga í ytra umhverfi s.s. vegna verðbreytinga á markaði, vaxtabreytinga og fleira. Áhrif vegna Covid-19 hafa verið óveruleg á rekstur félagsins á árinu og eru væntingar um að svo verði áfram.

Skýrsla stjórnar, frh.

Framlag í Varasjóð VR

Stjórn leggur til að lagt verði í VR Varasjóð á árinu 2022 samtals 805 m.kr., frá Félagssjóði VR 255 m.kr., frá Sjúkrasjóði VR 340 m.kr. og 210 m.kr. frá Orlofssjóði VR.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra VR að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri VR staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík 9. mars 2022

Regnar Pjet Zsó Usson
Ella Sveinbjörnsdóttir
Sigrún Sigjesson
Harpa Sævarsdóttir
Póvður B. Kjartansson
Vannvildur Ólaf Jónstamardóttir
Fride Thoroddson
Fridrik Badi Ólafsson
Jon Steinar Brynjarsson
Kristján P. Jónel.
Sigurður Guðmundsson
Helga Ingólfsdóttir

Stefán Sveinbj.

Rekstrarreikningur 2021

	Skýr.	Allir sjóðir	
		2021	2020
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		1.607.102.247	1.513.408.277
Sjúkrasjóðsiðgjöld		2.152.691.967	1.995.122.024
Orlofsjóðsiðgjöld		533.547.247	494.620.222
Leigutekjur orlofseigna		111.648.879	99.078.214
Aðrar tekjur		193.022.382	194.615.513
	3	<u>4.598.012.722</u>	<u>4.296.844.250</u>
Rekstrargjöld			
Iðgjöld og skattar		341.052.791	332.621.432
Bætur og styrkir		2.336.460.230	2.431.223.851
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta		210.715.157	188.282.041
Útbreiðslu- og félagsmál		244.891.845	214.009.645
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		1.089.519.914	1.064.738.134
Afskriftir fastafjármuna	7	107.022.607	106.427.420
		<u>4.329.662.544</u>	<u>4.337.302.523</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða		268.350.178	(40.458.273)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur	6	1.123.041.509	1.159.628.356
Fjármagnsgjöld		(234.401)	(273.500)
Fjármagnstekjuskattur		(231.574.245)	(283.574.732)
		<u>891.232.863</u>	<u>875.780.124</u>
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	12	<u>1.159.583.041</u>	<u>835.321.851</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	Allir sjóðir	
		31.12 2021	31.12 2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	2.274.596.211	1.975.656.673
Verðbréf	8	13.326.967.055	12.471.943.285
Aðrar langtímakröfur	9	210.898.577	21.727.644
Óinnheimtar tekjur	10	347.509.870	301.145.393
Aðrar skammtímakröfur	11	16.697.129	24.543.695
Handbært fé		326.958.674	504.335.259
Eignir		16.503.627.516	15.299.351.949
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	12	15.695.448.581	14.535.865.540
Skuldir			
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	13	488.936.302	541.029.335
Aðrar skammtímaskuldir	14	319.242.633	222.457.074
		808.178.935	763.486.409
Eigið fé og skuldir		16.503.627.516	15.299.351.949

Yfirlit um sjóðsstreymi ársins 2021

	Skýr.	Allir sjóðir	
		2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		1.159.583.041	835.321.851
Afskriftir	7	107.022.607	106.427.420
Hreinar fjármunatekjur		(891.232.863)	(875.780.124)
		<u>375.372.785</u>	<u>65.969.147</u>
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun		(38.517.911)	11.372.608
Skammtímaskuldir hækkun (lækkun)		35.185.559	(43.842.775)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>372.040.433</u>	<u>33.498.980</u>
Innborgaðir vextir af veltufjármunum		4.878.472	10.476.444
Greiddir vextir af skammtímaskuldum		(234.401)	(273.500)
Handbært fé frá rekstri		<u>376.684.504</u>	<u>43.701.924</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(344.362.145)	(172.226.680)
Lán til félagsmanna, lækkun		0	58.633.141
Verðbréfasöfn, breyting	8	(23.599.570)	467.931.447
Lán til leigufélaga, hækkun	9	(186.099.374)	0
		<u>(554.061.089)</u>	<u>354.337.908</u>
(Lækkun) hækkun handbærs fjár		(177.376.585)	398.039.832
Handbært fé í upphafi árs		<u>504.335.259</u>	<u>106.295.427</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>326.958.674</u></u>	<u><u>504.335.259</u></u>
Hreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Fjárfesting í orlofshúsum	7	61.600.000	
Verksamningur vegna kaupa á orlofshúsum	14	(61.600.000)	

Skýringar

1 Starfsemi

VR er hagsmunafélag sem vinnur að bættum hag verslunar- og skrifstofufólks á vinnumarkaði og ver stöðu þeirra sem brotið er á eða falla af vinnumarkaði. Félagið gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, rekur Sjúkrasjóð til að bæta fjárhagsstöðu við heilsubrest, rekur Orlofssjóð til að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs, rekur VR varasjóð sem félagsmenn geta nýtt til styrkja af ýmsu tagi og Vinnudeilusjóð sem veitir félagsmönnum sem misst hafa atvinnutekjur sínar vegna vinnustöðvunar eða verkbanna fjárhagsaðstoð.

VR rekur samkvæmt samningi Landsamband Íslenskra verzlunarmanna (LÍV). Allar tekjur og gjöld LÍV eru hluti af rekstri VR.

Félagið var stofnað árið 1891 og nær félagssvæðið yfir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland, Akranes, Húnaþing vestra og Austurland.

2 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur VR fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3 Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, en flokkun tekna og gjalda frá fyrra ári hefur verið breytt með eftirfarandi hætti:

Greiðslur frá félagsmönnum sem áður voru flokkaðar sem rekstrartekjur orlofssjóðs eru nú færðar til lækkunar á innkaupum á viðkomandi þjónustu þar sem um niðurgreiðslu félagsins á orlofsþjónustu er að ræða en ekki eiginlegar rekstrartekjur. Vegna þessa lækka samanburðarfjárhæðir vegna tekna orlofssjóðs um 76,8 m.kr. og rekstrargjöld sömuleiðis.

Innheimtukostnaður vegna iðgjalda er nú færður til gjalda á liðinn skrifstofu- og stjórnunarkostnaður en hann var áður færður til lækkunar á iðgjalda tekjum. Vegna þessa hækka samanburðarfjárhæðir vegna félagsgjalda, sjúkrasjóðsiðgjalda og orlofssjóðsiðgjalda samtals um 79,5 m.kr. og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um sömu fjárhæð.

Samtala rekstrartekna 2020 annarsvegar og rekstrargjalda hafa því breyst, nettó að fjárhæð 2,7 m.kr., í samanburði miðað við ársreikning 2020.

a. Mat og ákvaðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvaðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvaðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skýringar

b. Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu.

c. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankareikningum, iðgjöldum og verðbréfaeign, auk arðstekna og gengishagnaðar af verðbréfaeign. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Félagsgjöld og iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.

d. Gjaldmiðlar og vísitölur

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnsgjöld

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

f. Rekstrargjöld

Beinn kostnaður hvers sjóðs er færður beint á viðeigandi sjóð. Sameiginlegum kostnaði er hins vegar skipt á milli sjóða eftir fyrirfram ákveðnum hlutföllum.

g. Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

h. Verðbréf

Hlutabréf og verðbréf í eigu félagsins eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Gangvirðisbreytingar vegna þeirra eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

i. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

j. Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

k. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

4 Launamál

	2021	2020
Laun	659.169.100	652.626.497
Iðgjöld í lífeyrissjóði	88.701.220	86.248.622
Önnur launatengd gjöld	57.000.555	57.865.098
Annar starfsmannakostnaður	28.252.068	23.596.302
	<u>833.122.943</u>	<u>820.336.519</u>

Meðalföldi starfa	63	63
-------------------------	----	----

Laun yfirstjórnar námu á árinu 2021 samtals 49,9 m.kr. (2020: 47,2 m.kr.) og skiptast þannig:

Laun og bifreiðastyrkir formanns 14,9 m.kr. (2020: 14,7 m.kr.) Einnig fékk formaður greitt fyrir formennsku í LÍV 3,6 m.kr.

Laun og bifreiðastyrkur framkvæmdastjóra 18,9 m.kr. (2020: 18,7 m.kr.)

Laun stjórnar 12,5 m.kr. (2020: 10,3 m.kr.)

5 Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda VR á árinu 2021 nam 5,9 m.kr. (2020: 4,9 m.kr.), þar af 3,4 m.kr. (2020: 3,2 m.kr.) vegna endurskoðunar á ársreikningi VR.

6 Fjármunatekjur

	2021	2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	1.426.673	3.873.085
Vaxtatekjur af félagsjöldum	4.828.331	6.876.084
Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfaeign	1.132.892.695	1.166.796.553
Arður af hlutabréfum	5.944.376	4.986.637
Greiddar þóknanir vegna verðbréfa	(25.161.718)	(24.189.823)
Aðrar vaxtatekjur	3.111.152	1.285.820
	<u>1.123.041.509</u>	<u>1.159.628.356</u>

Skýringar

7 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Orlofshús, land	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	446.886.441	2.174.960.262	344.002.300	2.965.849.003
Eignfært á árinu	0	336.316.104	69.646.041	405.962.145
Staða í árslok	446.886.441	2.511.276.366	413.648.341	3.371.811.148
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	144.028.507	652.595.382	193.568.442	990.192.331
Afskrift ársins	9.564.657	69.928.367	27.529.583	107.022.607
Staða í árslok	153.593.164	722.523.749	221.098.025	1.097.214.938
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	302.857.934	1.522.364.880	150.433.858	1.975.656.673
Bókfært verð í árslok	293.293.277	1.788.752.617	192.550.316	2.274.596.211

Afskriftarhlutföll

2-4%

0-10%

12-30%

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir	2.512.394.000	3.685.209.000
Aðrar lausafjártryggingar	0	680.011.000

8 Verðbréf og verðbréfasjóðir

	31.12.2021	31.12.2020
a. Þróun verðbréfaeignar á árinu:		
Staða í ársbyrjun	12.471.943.285	11.944.768.131
Innborgað (útborgað) á verðbréfsöfn	23.599.570	(467.931.447)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(282.251.156)	(152.486.770)
Verðbreytingar ársins	1.113.675.356	1.147.593.371
Staða í árslok	13.326.967.055	12.471.943.285
Nafnávöxtun á verðbréfaeign	8,64%	9,40%
Raunávöxtun á verðbréfaeign	4,60%	5,72%

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
b. Verðbréf og verðbréfasjóðir greinast þannig á einstaka flokka:		
Innlán í bönkum og sparisjóðum	888.881.845	591.954.597
Ríkisvixlar, ríkisskuldab. og skbr. m. ábyrð ríkissjóðs	7.896.194.893	7.198.739.549
- Íbúðabréf	3.203.034.047	3.290.988.539
- Verðtryggð ríkisskuldabréf	1.752.806.005	1.332.848.041
- Óverðtryggð ríkisskuldabréf og vixlar	2.940.354.841	2.574.902.969
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	553.745.720	451.042.823
Skuldab. og vixlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana	577.024.902	218.917.289
Sértryggð skuldabréf	365.570.117	120.126.922
Fasteignatryggð skuldabréf	435.098.937	456.520.334
Önnur verðbréf	1.030.957.792	268.696.810
- Skuldabréf fyrirtækja	254.207.888	268.696.810
- Erlend skuldabréf	651.486.537	0
- Aðrar fjárfestingar	125.263.367	0
Hlutabréf	1.579.492.849	3.165.944.960
- Innlend hlutabréf	676.418.907	791.654.217
- Erlend hlutabréf	903.073.942	2.374.290.743
	13.326.967.055	12.471.943.285
c. Verðbréfaeign félagsins skiptist þannig á einstaka sjóði félagsins:		
Félagssjóður VR	1.121.884.943	747.690.769
Sjúkrasjóður VR	3.696.865.020	3.838.894.616
Orlofssjóður VR	374.756.751	343.399.304
VR Varasjóður	2.457.598.644	2.332.904.934
Vinnudeilusjóður VR	5.675.861.697	5.209.053.662
	13.326.967.055	12.471.943.285

9 Aðrar langtímakröfur

VR sem lánveitandi veitti Blæ leigufélagi ehf. lán að fjárhæð 208,7 m.kr. til uppbyggingar félagsins og greiðslu byggingarréttar og gatnagerðargjalda vegna lóðarinnar Skyggisbraut 21-23, Silfratjörn 1-3 og Gæfutjörn 18, landnr. 226872 sem úthlutað var til lántaka í janúar 2021. Úthlutunin byggði á lóðarvilyrði til VR frá árinu 2018. Lánið skal endurgreitt í maí 2022 og ber það breytilega vexti sem eru jafnháir REIBOR vöxtum eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma á lánstímanum í upphafi 1,7%. Lántaki greiðir vexti í einni greiðslu á sama gjalddaga og endurgreiðsla lánsins fer fram.

Breytingar fyrrgreindra lána greinast þannig á árinu:

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	21.727.644	20.665.204
Áfallnir vextir samkvæmt samningum	3.071.559	1.062.440
Endugreidd lánveiting Bjarg	(22.563.044)	0
Ný lánveiting Blær	208.662.418	0
Staða í árslok	210.898.577	21.727.644

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
10 Óinnheimtar tekjur		
LIVE vegna iðgjalda	309.902.202	274.432.602
Starfsmenntasjóðir	11.111.205	7.642.805
Kreditkort	11.706.723	6.034.970
Útistandandi greitt með Varasjóði	14.789.740	13.035.016
	<u>347.509.870</u>	<u>301.145.393</u>

11 Aðrar skammtímakröfur

Biðreikningur vegna kjaramála	3.866.813	6.564.080
Fyrirframgreiddur kostnaður	7.486.610	5.064.723
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota	0	6.142.114
Aðrar skammtímakröfur	5.343.706	6.772.778
	<u>16.697.129</u>	<u>24.543.695</u>

12 Eigið fé

Breytingar á eigin fé á árinu greinast þannig:

	2021	2020
Yfirfært frá fyrra ári	14.535.865.540	13.700.543.689
Hreinar tekjur fluttar á eigið fé	1.159.583.041	835.321.851
	<u>15.695.448.581</u>	<u>14.535.865.540</u>

13 Reiknaður fjármagnstekjuskattur

Staða í ársbyrjun	541.029.335	412.211.763
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(282.251.156)	(152.486.770)
Breyting skuldbindingar vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts	230.158.123	281.304.342
	<u>488.936.302</u>	<u>541.029.335</u>

14 Skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir	81.215.025	58.791.345
Ógreitt vegna fasteignakaupa	61.600.000	0
Ógreitt vegna starfsmanna	97.727.255	98.900.193
Ógreidd staðgreiðsla vegna sjóða	52.860.654	43.276.872
Fyrirframinnheimtar tekjur	24.236.820	19.975.920
Aðrar skammtímaskuldir	1.602.879	1.512.744
	<u>319.242.633</u>	<u>222.457.074</u>

Skýringar

15 VR Varasjóður

Félagið rekur sérstakan sjóð (VR Varasjóð) er sameinar réttindi mismunandi sjóða og gefur félagsmönnum möguleika á að nýta þann sjóð af meira frjálsræði og með meiri sveigjanleika en almennt er hjá stéttarfélögum. Stjórn VR leggur fram til samþykktar tillögu fyrir aðalfund ár hvert um hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni til sjóðsins og skiptingu þess milli annarra sjóða.

Tillaga stjórnar um framlag vegna ársins 2021 í VR varasjóð verður lögð fyrir aðalfund VR árið 2022 og verður bætt við réttindainneign félagsmanna á árinu 2022. Auk þess eru þrisvar á ári gerð aukakaup vegna félagsmanna í þeim tilvikum þar sem vanskil voru á iðgjöldum þegar aðalkaup framlaga fóru fram. Fyrning réttinda á sér stað eftir reglum VR varasjóðs þegar félagsmenn hætta að greiða til VR og færast til baka til annarra sjóða.

Framlög sem færð eru á milli sjóða í ársreikningnum greinast þannig:

	<u>Félagssjóður VR</u>	<u>Sjúkrasjóður VR</u>	<u>Orlofssjóður VR</u>	<u>VR varasjóður</u>
Framlag samþykkt á aðalfundi	(475.000.000)	(100.000.000)	(210.000.000)	785.000.000
Aukakaup á árinu	(3.994.858)	0	(1.555.521)	5.550.379
Fyrning ársins	28.807.941	76.201.643	34.569.526	(139.579.110)
	<u>(450.186.917)</u>	<u>(23.798.357)</u>	<u>(176.985.995)</u>	<u>650.971.269</u>

Sérgreind réttindainneign félagsmanna í VR Varasjóði í árslok 2021 var 2,3 ma.kr. og skiptist á um 58 þús. einstaklinga, en var í ársbyrjun 2,2 ma.kr sem skiptist á um 61 þús. einstaklinga.

16 Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Það eru engir atburðir sem hafa komið upp eftir reikningsskiladag þessa ársreiknings sem gefa tilefni til leiðréttinga eða frekari upplýsingagjafar í ársreikningi ársins 2021.

17 Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 9. mars 2022.

Skýringar

18 Sjóðstreymisyfirlit samanburður á milli ára

	2021	2020	2019	2018
Hagnaður ársins.....	1.159.583.041	833.321.851	927.246.598	374.597.852
Afskriftir.....	107.022.607	106.427.420	92.115.030	78.298.927
Fjármagnsliðir.....	(886.588.792)	(863.577.180)	(1.121.240.862)	(422.120.509)
Aðrar breytingar.....	0	0	(23.183.234)	(2.027.598)
Hreint veltufé frá rekstri	380.016.856	76.172.091	(125.062.468)	28.748.672
Breyting á:				
Rekstartengdum eignum.....	(38.517.911)	11.372.608	(32.622.586)	9.587.446
Rekstartengdum skuldum.....	35.185.559	(43.842.775)	10.359.110	31.797.354
Handbært fé frá rekstri	376.684.504	43.701.924	(147.325.944)	70.133.472

Skýringar - sundurliðanir

	Allar deildir	
	2021	2020
Aðrar tekjur		
Umsjónalaun VIRK	143.683.067	148.799.539
Umsjónalaun starfsmenntasjóða	32.110.528	29.081.330
Skattur vegna LÍV	17.056.287	16.582.644
Aðrar tekjur	172.500	152.000
	<u>193.022.382</u>	<u>194.615.513</u>
Iðgjöld og skattar		
Skattur til ASÍ	174.183.023	174.205.753
Framlög í starfsmenntasjóði	150.970.636	139.766.091
Annað	15.899.132	18.649.588
	<u>341.052.791</u>	<u>332.621.432</u>
Bætur og styrkir		
Sjúkradagpeningar	1.509.580.988	1.756.627.117
Dánarbætur	56.059.678	45.047.550
Örorkubætur	36.762.900	19.092.990
Aðrir styrkir sjúkrasjóðs	24.005.650	21.056.246
Útgreiðsla úr varasjóði	710.051.014	589.399.948
	<u>2.336.460.230</u>	<u>2.431.223.851</u>
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta		
Rekstur orlofshúsa	168.192.149	150.739.068
Leiga á sumarhúsum	14.617.612	17.256.355
Niðurgreiðslur flugfélaga og ferðaskrifstofa	15.722.600	10.372.000
Aðrar niðurgreiðslur	12.182.796	9.914.618
	<u>210.715.157</u>	<u>188.282.041</u>
Útbreiðslu- og félagsmál		
Kosningar, auglýsingar, kannanir ofl.	24.255.303	25.546.971
Kostnaður vegna kjaramála	26.020.132	26.089.611
Útgáfa og kynningar	135.988.457	118.092.596
Styrkir og framlög til samstarfsverkefna	21.265.996	18.511.044
Fundir og ráðstefnur	18.139.533	15.412.975
Annar kostnaður	19.222.424	10.356.448
	<u>244.891.845</u>	<u>214.009.645</u>

Skýringar - sundurliðanir

	Allar deildir	
	2021	2020
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Laun	659.169.100	652.626.497
Launatengd gjöld	145.701.775	144.113.720
Annar starfsmannakostnaður	28.252.068	23.596.302
Starfsmannakostnaður samtals	<u>833.122.943</u>	<u>820.336.519</u>
Innheimtukostnaður iðgjalda	<u>85.163.412</u>	<u>79.536.267</u>
Sími og internet	8.577.334	8.357.459
Aðkeyptur akstur	8.787.844	9.436.313
Endurskoðun og skoðun á eftirliti	3.606.462	7.735.530
Lögfræðileg aðstoð	6.101.344	4.458.749
Hugbúnaður	49.720.643	38.371.958
Önnur aðkeypt þjónusta	4.515.001	4.767.556
Rekstur búnaðar	7.290.447	12.572.308
Annar skrifstofukostnaður	6.687.682	8.741.749
Skrifstofukostnaður samtals	<u>95.286.757</u>	<u>94.441.622</u>
Húsaleiga	10.514.723	10.204.226
Orkukaup	5.383.658	6.932.136
Fasteignagjöld og önnur opinber gjöld	13.188.640	14.184.928
Viðhald húsnæðis og búnaðar	14.919.757	6.983.332
Innréttingar áhöld og bunaður	7.480.650	2.099.514
Vátryggingar	1.402.193	742.133
Hússjóður og sameiginlegur kostnaður	11.299.296	18.090.205
Aðkeypt önnur þjónusta	11.117.602	10.913.504
Annar eignakostnaður	640.283	273.748
Rekstur eigna samtals	<u>75.946.802</u>	<u>70.423.726</u>
	<u>1.089.519.914</u>	<u>1.064.738.134</u>

Skýringar - Yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2021

	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Varasjóður	Vinnudeilu- sjóður	Samtals
Rekstrartekjur						
Félagsgjöld	1.492.309.230	0	0	0	114.793.017	1.607.102.247
Sjúkrasjóðsiðgjöld	0	2.152.691.967	0	0	0	2.152.691.967
Orlofsjóðsiðgjöld	0	0	533.547.247	0	0	533.547.247
Framlag í varasjóð	(450.186.917)	(23.798.357)	(176.985.995)	650.971.269	0	0
Útleiga orlofshúsa	0	0	111.648.879	0	0	111.648.879
Aðrar tekjur	192.849.882	0	172.500	0	0	193.022.382
	1.234.972.195	2.128.893.610	468.382.631	650.971.269	114.793.017	4.598.012.722
Rekstrargjöld						
Iðgjöld og skattar:	341.052.791	0	0	0	0	341.052.791
Bætur og styrkir:	0	1.626.409.216	0	710.051.014	0	2.336.460.230
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	0	0	210.715.157	0	0	210.715.157
Útbreiðslu- og félagsmál:	229.882.413	8.994.238	6.015.194	0	0	244.891.845
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:	779.982.333	167.023.912	141.027.157	1.486.512	0	1.089.519.914
Afskriftir fastafjármuna	29.795.250	0	77.227.357	0	0	107.022.607
	1.380.712.787	1.802.427.366	434.984.865	711.537.526	0	4.329.662.544
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	(145.740.592)	326.466.244	33.397.766	(60.566.257)	114.793.017	268.350.178
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld						
Fjármunatekjur	92.125.392	245.289.690	36.187.968	212.094.865	537.343.594	1.123.041.509
Fjármagnsgjöld	(152.535)	(46.786)	(35.080)	0	0	(234.401)
Fjármagnstekjuskattur	(21.194.666)	(65.644.596)	(3.132.239)	(40.675.620)	(100.927.124)	(231.574.245)
	70.778.191	179.598.308	33.020.649	171.419.245	436.416.470	891.232.863
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	(74.962.401)	506.064.552	66.418.415	110.852.988	551.209.487	1.159.583.041

Skýringar - Efnahagur sjóða VR 31. desember 2021

	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Varasjóður	Vinnudeilu- sjóður	Millifærslur	31.12 2021
Eignir							
Varanlegir rekstrarfjármunir	426.181.748		1.848.414.463				2.274.596.211
Verðbréf	1.121.884.943	3.696.865.020	374.756.751	2.457.598.644	5.675.861.697		13.326.967.055
Aðrar langtímakröfur	210.898.577	0	0	0	0		210.898.577
Óinnheimtar tekjur	124.570.282	157.449.910	65.489.678				347.509.870
Aðrar skammtímakröfur	12.892.429		3.804.700				16.697.129
Viðskiptareikningar við aðra sjóði	0	616.562.349	0	0	25.028.621	(641.590.970)	0
Handbært fé	311.645.624	1.132.580	2.943.759	11.236.711			326.958.674
Eignir	2.208.073.603	4.472.009.859	2.295.409.351	2.468.835.355	5.700.890.318	(641.590.970)	16.503.627.516
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé og skuldir							
Óráðstafað eigið fé	1.532.456.751	4.296.534.266	2.004.840.609	2.288.747.626	5.572.869.329		15.695.448.581
	1.532.456.751	4.296.534.266	2.004.840.609	2.288.747.626	5.572.869.329	0	15.695.448.581
Skuldir							
Reiknaður fjármagnstekjuskattur	62.112.449	132.463.016	13.325.776	153.014.072	128.020.989		488.936.302
Viðskiptareikningar við aðra sjóði	371.359.244	0	253.006.146	17.225.580	0	(641.590.970)	0
Aðrar skammtímaskuldir	242.145.159	43.012.577	24.236.820	9.848.077	0		319.242.633
	675.616.852	175.475.593	290.568.742	180.087.729	128.020.989	(641.590.970)	808.178.935
Eigið fé og skuldir	2.208.073.603	4.472.009.859	2.295.409.351	2.468.835.355	5.700.890.318	(641.590.970)	16.503.627.516